

Ed.

13. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlita eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sinu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit

með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn. er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkursstaðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður kláða var einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal þegar gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og tvíbaðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðans, sem og að fjárhús verði sóttthreinsað svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður annars var einhvers sjúkdóms, sem grunsamlegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart um það, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða féð vegna fjárkláða, greiðir rikissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðum eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar þeirra á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá. er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjárhafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar á henni.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarboðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauðfjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta dagaði uppi á síðasta þingi. Er frv. nú flutt á ný að tilhlutun landbúnaðarráðherra, er lét fylgja því þessar athugasemdir:

„Lög nr. 58 30. nóv. 1914 eru orðin nokkuð ófullnægjandi, einkum eftir að numin hafa verið úr gildi hin eldri sérstöku ákvæði um útrýmingu fjárkláðans með lögum nr. 90 3. maí 1935, sem gera ráð fyrir útrýmingarráðstöfunum í stórum stíl, sem

hinsvegar hefir ekki reynt fært að framkvæma vegna ýmislegra kvilla og faraldurs í sauðfé landsmanna, síðan lögin voru sett. Er því nauðsynlegt, að ákvæði séu í lögum, er ótvíræðlega skyldi sauðfjáreigendur til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að halda fjárkláðanum í skefjum og reyna að útrýma honum, þar sem hans verður vart, enda ekki séð, hvenær fært verður að framkvæma allsherjarútrýmingarboðun samkvæmt téðum lögum, nr. 90 1935. Vera má og, ef þrifabaðanir eru rækilega framkvæmdar um allt land undir eftirliti hæfra manna, að unnt yrði þannig að útrýma fjárkláðanum, svo að aldrei þurfi að koma til allsherjarútrýmingarboðunar, sem mundi kosta mjög mikið fé og þó reynast hæpið, að kæmi að fullum notum.

Það mun nú að visu mega telja, að skylda til tvíboðunar felist í lögum nr. 58 30. nóv. 1914, þar sem ekki verði á annan hátt framkvæmd þrifaboðun á kláðasjúku fé, sem komi að haldi. Hefir því ráðuneytið lagt fyrir sýslumenn og bæjarstjóra að gera ráðstafanir til, að sauðfé verði tvíbaðað, þar sem fjárkláði finnst í umdæmum þeirra. Til þess þó að taka af allan vafa um þetta þykir rétt að breyta sauðfjárbaðanalögum í þá átt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, til þess að gefa stjórnarvöldunum ákveðnari rétt um ihlutun til útrýmingar hverskonar óþrifum í sauðfé, sem ætla má, að framkvæma megi með rækilegum boðunum úr hæfu baðlyfi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1.—3. gr.

Aðalþrifabaðanatíminn mun heppilegastur eins og verið hefir, 1. nóv. til 15. janúar. Annars eru þessar greinar í samræmi við ákvæði laga nr. 50 1914.

Um 4. gr.

Það virðist nauðsynlegt, að sérstakir eftirlitsmenn athugi sauðfé allt a. m. k. einu sinni á vetri, til þess að ganga úr skugga um, hvort kláði eða önnur alvarleg óþrif eru í fénu, og er þá heppilegast, að þetta sé gert áður en boðun fer fram, eða um það leyti. Verður þá ástæða til að ganga sérstaklega ríkt eftir rækilegri boðun þar, sem grunsamleg óþrif finnast.

Um 5. gr.

Það er í samræmi við lög þau, sem hafa gilt um útrýmingu fjárkláðans, og hin nýju lög nr. 90 1935, að andvirði fjárkláðabaðlyfja sé greitt að hálfu úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Vegna hagsmuna fjáreigenda sjálfra verður að ganga að því visu, að þeir muni fúsir á að tilkynna eftirlitsmanni, ef þeir verða varir einhverra grunsamlegra óþrifa í fé sinu eftir að kláðaskoðun hefir farið fram, og að ekki sé því nauðsynlegt, að kláðaskoðun fari fram nema einu sinni á ári.

Um 7.—9. gr.

Gefa ekki ástæðu til athugasemda.“